

# Dagur íslenskrar náttúru

16. september

Þann 16. september 2010, á 70 ára afmæli Ómars Ragnarssonar, var ákveðið að sá dagur yrði upp frá því tileinkaður íslenskri náttúru. Felst í þessu viðurkenning á framlagi Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru sem og allra þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru. Markmiðið með *degi íslenskrar náttúru* er að beina sjónum landsmanna að hinni einstöku náttúru landsins, gögnum hennar og gæðum.

## Hvers vegna dagur íslenskrar náttúru?

Íslensk náttúra er einstök. Hvergi í heiminum er álíka fjölbreytni í jarðmyndunum sem mótaðar eru af samspili eldvirkni og jökla og hvergi er sama tegundasamsetning lífvera. Loftið er tiltölulega tært, vatnið hreint og enn eru til nokkurn veginn ósnortin víðerni, en slík svæði verða sífellt vandfundnari í þéttbýlum heimi. Náttúruöflin móta land og landslag og eru grunnur vistkerfa sem lífverur flétta saman og fólk lifir á og nýtir. Íslendingar bera ábyrgð, bæði gagnvart öðrum Jarðarbúum og komandi kynslóðum, á því að vernda þau verðmæti sem íslensk náttúra býr yfir.

## Náttúruvernd

Íslensk náttúra er á margan hátt viðkvæm. Röskun á landi er áberandi í vísýninu. Spjöll á grónu landi jafna sig seint þar sem sumur eru stutt. Ágengar lífverutegundir, sem fluttar eru til landsins, ná mikilli útbreiðslu vegna lítillar samkeppni og gjörbreyta náttúrulegum vistkerfum.

Forsenda þess að Íslendingar virði náttúru landsins og vilji vernda hana er að þeir kynnist henni og skilji mikilvægi hennar. Til þess þarf fólk að fara út í náttúruna, umgangast hana með virðingu og af högværð, upplifa hana og njóta hennar.

Skilningur manna á náttúrunni er ekki bara mikilvægur til náttúruverndar heldur lífsnaúðsyn fólki sem á allt sitt undir náttúruöflunum. Á síðustu árum hafa verið færðar sannanir fyrir því að umgengni við náttúruna er fólki mikilvæg til að halda líkamlegri og andlegri heilsu og getur verið öflugur þáttur í lækningu ýmissa meina.

## Hvað er svona merkilegt við íslenska náttúru?

Náttúran er ólík frá einum stað til annars. Náttúra hvers staðar mótast af staðsetningu á Jörðinni, landslagi, loftslagi, lífríki, fjarlægð frá hafi o.fl. Ísland er stór eyja úti í Atlantshafi og hefur mikla sérstöðu. Þrjú meginöfl hafa haft mest áhrif á íslenska náttúru og mynda með samspili sínu landslag sem er einstakt á Jörðinni: Möttulstrókur, flekaskil og jöklar.

### Möttulstrókur

Í möttulstrókum streymir orka frá möttli Jarðar upp til yfirborðs. Efnið í möttulstrókum er 200-300°C heitara en efnið í kring og því eðlisléttara en það. Þar sem eru möttulstrókar er jarðskorpan þykkari en annars staðar. Undir Íslandi er möttulstrókur og vegna hans er Ísland til, strókurinn lyftir landinu upp úr sjónum. Svæði yfir möttulstrókum eru kölluð heitir reitir og þar er mikil eldvirkni. Þekktir eru um 50 heitir reitir, þeir frægustu eru Ísland, Hawaii og Yellowstone þjóðgarðurinn í Bandaríkjunum.

### Flekaskil



© Dreamstime

Flekaskil eru þar sem jarðskorpuflekar Jarðar mjakast hvor frá öðrum. Þar sem flekar rekast saman eru flekamót. Á flekamótum eru há fjöll, flekaskil eru venjulega djúpt í hafi. Flekaskil eru eftir botni Atlantshafs endilöngum og kljúfa Ísland. Eystri helmingur landsins er á Evrasíuflekanum og mjakast til austurs, vestari helmingur landsins á Ameríkuflekanum og mjakast til vesturs. Vegna þess að möttulstrókurinn lyftir landinu upp úr hafinu er hægt að sjá flekaskil á landi á Íslandi. Hvergi í heiminum er til sambærilegt samspil möttulstróks og flekaskila og á Íslandi. Á flekaskilum springur land, gliðnar og sígur og þar leitar kvika upp til yfirborðs í eldgosum og myndar nýtt land.

### Jöklar

Á ísöld var jökull yfir öllu Íslandi á löngum jökulskeiðum en á hlýskeiðum á milli þeirra var landið íslaust. Hvort heldur sem var hélt eldvirknin áfram, eldgos urðu ýmist undir jöklinum eða hraun flæddu yfir íslaust land. Í eldgosum undir jökulum myndast sérstakt berg, móberg, og hleðst upp í móbergshryggi, keilur eða stapa. Í eldgosum á íslausu landi flæða hraunin gífurlegar vegalengdir. Þrátt fyrir að ísöld lyki varð aldrei alveg íslaust á Íslandi og jöklar halda áfram að móta íslenska náttúru og vatnafar landsins langt út í sjó. Þegar verða eldgos undir jökli bráðnar mikill ís og frá jöklinum streymir gífurlegt magn af vatni, jökulhlaup, sem ryður sér leið til hafs og getur þá grafið mikil gljúfur og skilið eftir sig víðfeðma sanda.

Í öðrum löndum má finna fyrirbæri eins og móberg, miklar hraunbreiður, sanda, eldfjöll, jökla og jafnvel jökulhlaup. Hvergi í heiminum er öll þessi fyrirbæri að finna í einu landi nema á Íslandi.

---

## Lífriki

Dýr og plöntur dreifa sér um Jörðina. Víðast eru fjölmargar tegundir, hver með ólíkar lífsþarfir, sem keppa um rými, ljós, næringarefni o.fl. Margar lífverur eiga erfitt með að koma sér til eyjar langt úti í hafi. Þess vegna eru tiltölulega fáar tegundir lífvera á Íslandi. (Einnig er stutt síðan ísöld lauk.) Ísland er á milli Evrópu og Ameríku og lífverur hafa flestar komið hingað frá Evrópu en þó nokkrar frá Ameríku. Á Íslandi er því „blanda“ af lífverutegundum sem er hvergi annars staðar og gerir lífríki landsins sérstakt.



© Dreamstime

Lífriki Íslands er líka viðkvæmt fyrir s. k. ágengum tegundum. Ef menn flytja nýja tegund til landsins og hún getur lifað hér, lendir hún í tiltölulega lítilli samkeppni og getur breiðst út, miklu meira en erlendis þar sem eru fleiri tegundir og meiri samkeppni. Dæmi um slíkar tegundir eru t.d. minkur og lúpína.

## Heima með heiminn í huga

Í september er á margan hátt heppilegt að minnst sérstaklega íslenskrar náttúru og efla tengslin við hana. Löng hefð er fyrir því meðal þjóða að halda hátíð að hausti til að þakka gjafir náttúrunnar sem fólk hefur notið og safnað í forða yfir sumarið. Í september má enn njóta blíðra, langra daga og oft skartar náttúran sínu fegursta áður en hún leggst í vetrardvala.

Náttúran er alls staðar; land, loft, vatn, haf, lífverur. Í byggð hefur náttúrunni verið umbreytt, hún manngerð og mótuð að þörfum manna og smekk en víðast er stutt í tiltölulega lítt röskuð svæði. Hér sem annars staðar er því best að byrja í nánasta umhverfi, vinna heima með heiminn í huga.

Víða má í námsefni finna útiverkefni til að efla skilning og virðingu barna á náttúrunni. Á þessum vef verður bent á nokkur þeirra og örfáum bætt við.